## 2000 nr. 72 20. maí
# Lög um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000

**Tóku gildi 2. júní 2000.**

■ **1. gr.**

□ Til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2000 skal innheimta jöfnunargjald skv. 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, af gjaldskyldri veltu ársins. Gjaldið skal nema 0,18% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti. Heimilt er að ákveða að greitt skuli fyrir fram árið 2000 upp í væntanlega álagningu jöfnunargjalds.

■ **2. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA